



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 2. október 2020
Tilvísun í mál: ÞON20090037

Til mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Erindisbréf um skipan starfshóps um flæði verkefna innan og inn til þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Lagt er fram erindisbréf um skipan starfshóps um flæði verkefna innan og inn til þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Hlutverk starfshópsins er að skilgreina og teikna upp heildstætt ferli sem sýnir flæði verkefna inn á og innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Eftir hvaða leiðum og með hvaða hætti verkefni berast inn til sviðsins, í hvaða ferli verkefni fara innan sviðsins og eftir atvikum hvernig þau flæða milli eininga og hvernig verkefni eru kláruð og þeim skilað í rekstur.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Hjálagt er erindisbréf um skipan starfshóps um flæði verkefna innan og inn til þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um flæði verkefna innan og inn til þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Ábyrgðarmaður:

Óskar J. Sandholt

Inngangur:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) var sett á laggirnar í júní 2019. Síðan þá hefur starfsemi skrifstofanna og ábyrgðasvið verið að taka á sig skýrari mynd og verkefni að kristallast. Nú er kallað eftir því innan sviðs og utan, að flæði verkefna inn til PON annarsvegar og innan PON hinsvegar verði skýrt með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf til starfsfólks og hagaðila á sviðum borgarinnar og hámarka árangur og nýtingu auðlinda innan sviðsins.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að skilgreina og teikna upp heildstætt ferli sem sýnir flæði verkefna inn á og innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Eftir hvaða leiðum og með hvaða hætti verkefni berast inn til sviðsins, í hvaða ferli verkefni fara innan sviðsins og eftir atvikum hvernig þau flæða milli eininga og hvernig verkefni eru kláruð og þeim skilað í rekstur. Hópurinn skal taka mið af skilgreindu hlutverki verkefnaráðs og verkefnaskrár og þeim ferlum sem þar hafa verið skilgreindir. Einnig af verklagsreglum sem kveða á um framlagninu verkefna fyrir ráð borgarinnar.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Skilgreina gáttir fyrir flæði verkefna inn til sviðsins
- Móta tillögu að heildstæðu ferli og flæði verkefna innan sviðsins
- Tengja umræddan feril við skilgreindan feril verkefnaráðs og verkefnaskrár
- Tengja umræddan feril við verklagsreglur um framlagningu erinda fyrir ráð borgarinnar

Starfshópurinn skipa:

Erlingur Fannar Jónsson, formaður, Stafræn Reykjavík

Edda Jónsdóttir, Stafræn Reykjavík

Andri Geirsson, Þjónustuhönnun

Ólafur Sólíman Helgason, Stafræn Reykjavík

Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir, Gagnaþjónusta

Rúna Guðrún Loftsdóttir, Upplýsingatækniþjónusta

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar hjá sérfræðingum innan og utan borgarkerfisins eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðamanni tillögu sinni fyrir lok janúar 2021.

Reykjavík, 28. september 2020



Óskar J. Sandholt